



AÐVÖRUN

um hættu af völdum kolsýrlings (CO)

Kolsýrlingur myndast við ófullkominn bruna eldsneytis og er oft mjög mikill í útblæstri bensínvéla.

Á bifreiðaverkstæðum skal vera sérstakur loftræstibúnaður í hverjum vinnusal. Ennfremur skal púströr vélar, sem er í gangi, vera tengt við loftræstibúnað.

Eitrunareinkenni eru m.a. magnleysi, höfuðverkur, suða fyrir eyrum, svimi, ógleði og svefnhöfgi. **Innöndun mikils kolsýrlings getur valdið skyndidái – og dauða ef ekki berst skjót hjálp.**

Ef einhver **finnur áberandi einkenni kolsýrlingseitrunar skal þegar flytja hann út í hreint loft**, hlúa að honum og veita honum öndunaraðstoð, ef nauðsynlegt virðist, uns hann er kominn undir læknishendur.

Tilkynna skal Vinnueftirliti ríkisins ef kolsýrlingseitrunar verður vart eða grunur leikur á að um of mikið kolsýrlingsmagn sé að ræða á vinnustað.

VINNUEFTIRLIT RÍKISINS